

Reglugerð um bikarmeistara Íslands

1. gr.

STÍ gengst árlega fyrir punktamótum í samráði við skotíþróttafélög. Keppt er í flokkum karla og kvenna.

Öll landsmót á keppnistímabili fyrir Bikarmeistaramót önnur en mót sem kunna að verða á mótaskrá eftir Bikarmeistaramót telja til bikarmeistara.

2. gr.

Í byrjun hvers keppnistímabils eru allir keppendur með 0 punkta. Stig reiknast þannig að sá sem hlýtur 1. sæti í móti fær 15 stig, annar 14 stig, þriðji 13 stig o.s.frv..

3. gr.

Þrjú bestu landsmót hjá hverjum keppanda ásamt Bikarmeistaramóti eru lögð til grundvallar bikarmeistara. Séu tveir keppendur jafnir að stigum, ræður árangur á Bikarmeistaramóti.